

við frv. til l. um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd

1. Við 1. gr. a-lið. Í stað orðanna „við framleiðslu“ komi: við öflun og vinnslu.
2. Við 1. gr. a-lið. Á eftir orðinu „flutningsgjaldi“ bætist við: váttryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum kostnaði.
3. Við 1. gr. c-lið. Stafliðurinn orðist svo:
Bætur til bræðslusildariðnaðar og fiskimjölsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.
4. Við 1. gr. e-lið. Í stað orðanna „Útflutningsgjald ... Sama gildir“ í upphafi greinarinnar komi: Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætis-hækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda.
5. Við 1. gr. f-lið. Þessi liður falli niður.
6. Við 1. gr. síðustu málsgrein. Í stað þessarar málsgreinar komi:
Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í stafliðum a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 3 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðherra, en annar hinna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Landsambands íslenskra útvegsmanna og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu Sölusambands hraðfrystihúsanna, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda. Komi þessir aðilar sér ekki saman um fulltrúa, velur ráðherra í hans stað mann með þekkingu á fiskvinnslu.
Bætur samkvæmt stafliðunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.
7. Við 2. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „er ríkisstjórninni heimilt að“ komi: skal ríkisstjórnin.
8. Við 2. gr. b. Stafliðurinn orðist svo:
b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra. Áherzla skal lögð á nána samvinnu við Ríkisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
9. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.
Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnfé milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.
Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.